Heimskringla.

XIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA 4. JANÚAR 1900. | NR. 13

Frjettir.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Þær fréttir bersst nú út, að hershöfðingi French hafi unnið sigur á Búum við Colesberg. Hann á að hafa tekið bæinn algerlega á sitt vald, og rekið Búana langt í burtu þaðan, en herfangi náðu þeir lítlu, utan fáeinum vagnaskriflum og þesháttar dóti.

Sagt er að Buller hershöfðingi kom ist lítið sem ekkert áleiðis með lið sitt. Það er og mælt að Þjóðverjar í þorpunum Pearl og Richmond, sem eru um 30 mílur frá Cape Town, séu í undirbúningi með að gera árás á þann bæ, ef mögulegt er, að taka Sir Alfred [illegible] til fanga. Sagt er að Þjóðverjar séu vel útbúnir að vopnum [illegible] og láti sér mjög ant um að [illegible] málum Búanna.

[illegible] eimskipið Bunderath, sem [illegible] var á rúmsjó fyrir nokkrum dögum, enska herskipinu Magicienne og sakað um, að vera að flytja vopn til Búanna, hefir verið flutt til Durham og bíður rekari rannsóknar.

Canadiska herdeildin, sem fór til Suður Afríku fyrir nokkrum vikum hefir verið skipuð á bekk með herdeildum Gen. Bullers, aðal hershöfðingja Breta er í landi. Aðal verksvið þessara hermanna er búist við að verði í Natal-eraðinu.

Bókur blaðstjóri að nafni A. C. Harmsworth hefir afhent Canadastjórn $5,000 of af kvæðasjóði Mr. Kiplings, og skal peningum þessum skift milli þeirra sem eiga aðstandendur í canadiska herdeildinni í Suður Afríku. Enn fremur hefir "Travellers"-félagið í Toronto gefið $1,000 í sama skyni. Peningum þeim á að verja milli þeirra er eiga fyrirvinnendur sína í hernum í Afríku. Það er búist við að þessar gjafir á eins byrjun á myndun sjóðs sem ætlast er til að verði svo stór áður hann nægi til að framfleyta munaðarleysingjunum þar til fyrirvinnendur þeirra koma til baka úr hernaðinum.

Frétt frá Ottawa telur víst að bráðlega verði auglýst eftir tilboðum að byggja lokur á St. Andrews-strengina í Canada.

Það er verið að safna peningum í [illegible] til þess að byggja einkennilega [illegible]aðann gufubát sem á að geta farið 50 milur á kl.tíma.

Breta stjórn telst svo til að Afríku stríðið muni kosta 60 millónir pund sterling, og að það muni taka 6 ár til að afmá þá skuld.

Bræðurnir Fritz og Lúðvík Erlendssynir frá Belmont voru hér á ferð í síðustu viku, einnig Mrs. Þóra Sigurðsson frá Glenboro, í kynnisför til sonar sins Haraldar Sigurðssonar, prentara Lögbergs.

Það er búist við að Greenwaystjórnin afdánkaða muni segja af sér í þessum mánuði. Hún biður nú að eins eftir árstillagi fylkisins frá Ottawa, um hálfa mil. dollars, sem á að borgast á laugardaginn 6. þ. m. Hún þ rf að nóta nokkuð af þeim peningum til að borga kosninga og aðrar skuldir áður en hún fer frá.

[illegible]yt er að stöðugt streymi sjálfboðalið til Búanna, bæði úr nýlendunum í Suður-Afríku og úr Norðurálfunni. Bretum þykja Búarnir engin lömb að leika við. Þykja þeir undra fljótir og duglegir að koma upp nýjum hervirkjum og endurbæta gömul. — Sumstaðar eru Búarnir búnir að byggja sporvegi milli hervirkjanna og flytja falistykki sín með meiri hraða af einum stað a annan. Og yfir höfuð virðist þekking þeirra á hernaði fara dagvaxandi, og hafa Bretar reynt það að undanförnu, að Búarnir standa ekki á baki þeirra í herkænskunni.

Búarnir segjast nú hafa hertekið tvö-hervirki frá Bretum við Kunnuman, 21. Desember. Sagt er að sama dag hafi rifnað stærsta fallstykki sem Methuen hafði í fórum sínum.

Altglað er í blöðunum, að Englendingar séu búnir að ná í Delagoa-flóann hjá Portúgisum. Það hefir verið gert mikið vedur að undanförnu um það, að hjálpárlið og hernaðarvjar frá Norðurálfu væru flutt á land í Delagoahöfninni, og sent þaðan inn í Transvaal.

Það er talið áreiðanlegt að þær af Vest Indiaeyjunum, sem eru eign Dana, verði innan skamms tíma seldar til Bandaríkjanna fyrir 4 millónir dollara.

Kid McCoy og Peter Maher bórðust á Coony eyjunni á nýársdag. Mc Coy vann bardagann í 5. atrennu, og vann við það $20,000 í peningum.

Maður einn í New York, George Hamilton að nafni, sem hefir reykt ákaflega mikið, mest vindla, fékk meinsemd í tunguna, og var það ólíkt ólæknandi krabbamein. Læknar kváðu vera reynandi að taka úr honum tungnna ef þaðmig mætti komast fyrir sjúkdóminn. Skáru þeir svo tunguna burtu við rætur, en bjuggu til tungupaft, úr Rubber sem þeir festu við tungurætturnar og bjuggu svo um að maðurinn getur bæði matast og talað á sama hátt og ef hann hefði ekki haft tunguskifti. Blaðið New York Herald flytur langa sögu um þetta mál og kallar þetta kraftaverk lækninsfræðinnar.

Spámenn á Frakklandi segja að árið 1900 verði óhappa- og styrjaldarár. Segja þeir að Victoria drottning og Leo páfi kveði bæði þenna heim á þessum vetri og að Bandamenn verði að gefa upp leiðangur sinn á Filipseyjunum.

Gamli Le Hung Chang, sem í fyrra var settur frá allri tign og titlum, hefir nú á ný verið settur á hásæti ríkisins. Hefir verið gerður governor í tveimur stærstu og mannflestu héruðunum í Kina, og er sagt að það sé lífstíðar embætti.

Endurtalning atkvæða fór nýlega fram í West Elgin kjördæminu. Kjörstjóri kvað Mr. Nich. Liberal, hafa verið kosinn með 244 atkv. umfram gagnsækjandann. En þegar talið var á ný, þá komst dómarinn að þeirri niðurstöðu að Mr. Nich hafði tapað, en að Mr. Diarmaid, Conservative umsækjandinn hafði 17 atkvæði umfram.—Það var munur.

Frá löndum.

Kæra Heimskringla. Nú eru kosningarnar umliðnar, og satt segir þú lesendum þínum frá dauðateygjum fjárglæfrastjórnar þeirrar, er nú liggur á víðvellinum með sundurskornar og slitnarallar sínar lygaflækjur og vélabönd, er hún flétttaði saman sem varnar skjöld fyrir sannleikanum, er hún óttaðist mest á sinni löngu og ranglátu lífsleið. Enda eru dúsu-börn hennar og bjórsvelgir illa til reika og bera sig aumlega yfir framtíðarkorfum sínum. Þeir unnu hart með leiksystur sinni lyginni, og eru mátlítlir eftir stríðið.

Af öllum þeim öfgum og lygum, er komu fram á stríðsvíðið á móðurmáli voru, sá ég engar jafn afláplaga hugs aðar og til búnar sem veinið og bræðið um atkvæðatöpun Íslendinga, ef glæpafóstran misti völdin, og svo að síðustu í dauðateygjunum að æpa á allar konur atkvæðaberra manna, til liðveizlu, og telja þeim trú um óhlessun, grát og eyðileggingu afkvæma sinna, ef þeir gætu ekki hindrað menn sína frá að sjá og skilja sannleikslíjós það er bráðlega mundi upplýsa svivirðingarmyrkur hinnar fallandi stjórnar. Eru ekki í sannleika aumkunarverðir þeir stríðsglöpar, er brúka slík [illegible] sér til sigurs. Væri ekki heilegt a[illegible] hverjum sannleikselskandi manni, að biðja gamla Mósesar guðinn, að hiða slíka snáða. Friður í Canada og sannleiks guðs velþóknun yfir íbúum Manitobafylkis, og eins þeim sem búa á fjöllunum, og líklega þáðu mótsaf almenningsfé.

9. Desember 1899.

Selkirkingur.

Mountain, N. Dak. Des. 27. 1899.

Gleðilegt Nýár til allra lesenda Heimskringlu.

Sama einmuna tíðin hefir haldist það sem af er vetrinum, stöðug hreinviðri og frost. Alveg snjólaust.

Heilsufar manna á meðal er gott, engir aðrir dáið í þessu bygðarlagi en þeir sem áður hefir verið um getið í blöðunum.

Hra. Björn Haldórson, frá Winnipeg, er hér í kynnisför til vina og vandamanna um jólin.

Félagslíf hefir verið fjörugt nú um tíma. Hin ýmsu félög hafa öll haldið sínar skemtisamkomuna hvort: Workman- og Degree of Honor-félögrn. og svo Safnaðar kvennfélagið.

Garðar hornleikaraflokkurinn hafði skemtisamkomu hér þ. 18. Des. til arðs fyrir flokkinn. Í þessum hornleikaraflokki eru 16 menn, alt Íslendingar, undir forustu Prof. S. K. Hall. Það er enginn vafi á því að þeir eru hinir bestu spilarar í þeirri grein í "County"-inu. Ekkert nýtt er að frétta frá þem á sið okkur.

námunum. Félagið lætur stöðugt vinna í þeim, og er samt langt á eftir með að fylla þær "orders" sem þeir hafa fyrir cement, því það revnist þad bezta á markaðinum. Félagið og allir aðrir ern vissir um að járnbraut verði lögð inn til námanna strax í vor, en hvaðan sú braut kemur er ekki víst en þá. Náma félagið er að byggja vöruhús til bráðabirða í Hensel, og ætlar það að senda vöru sína þaðan með járnbraut eftirleiðis.

Sorglegt slys vildi til í íslenzku bygðinni fyrir norðan Hallson, nú nýlega. Þar sein einn myndarlegur maður, Carl Hjálmarson 19 ára gamall, beið bana af. Þetta vildi til á þann hátt, að Guðjón nokkur Björnsson, bóndi þar, gifti sig, og tóku sig til átta ungir menn í því nágrenni, til að fara og heimsækja ný giftu hjónin um hánótt, líklega til að láta "traktera" sig. Það er orðið víst að nokkrir, ef ekki allir þeirra, voru ölvaðir. Tveir höfðu málað andlit sín svört, til að gera sig ókennilega. Svo lögðu þeir á stað og höfðú tvær byssur í ferðinni. Svo er óvíst um atferli þeirra, nema að þeir gerðu hávaða og brutust inn í húsið, og þegar sumir stóðu í dyrunum og héldu hurðinni opinni en hinir utan við dyrnar, þá riðu af tvö skot í myrkrinu, og kom annað skotið í lærið á Carli Hjálmarssyni og gerði það mikið sár og braut æðlegginn, en hitt skotið kom ekki í neinn. Þá var atfeðinni hætt og fóru þeir að koma hinum særða félaga sínum heim til sín, sem var nokkuð langur vegur. Var Dr. Farrow í Cavelier strax sóttur til að hjálpa Carli, en hann sá strax að sárið var hættulegt, og gaf litla von með að hægt væri að hjálpa honum, sem líka reyndist sannt, því hann dó eftir tvo daga.

Nú hafa hinir sjö verið teknir fastir fyrir þetta atferli, og við bráðabirðarpróf sem haldið var í málinu, þá héldu þeir því allir fram að skotið hafi komið frá þeim sem inni í húsinu voru, en ekki úr byssum félaga þeirra. Mr. Björnsson og annar maður sem í húsinu var þessa nótt, hafa einnig verið teknir fastir, og báru þeir það fram við réttarhaldið að engin byssa hafi verið til í húsinu.

Þetta mál kemur fyrir héraðsréttinn, sem haldinn verður í Pembina í næsta mánuði. Það er ekki hægt að skýra greinilegar að sinni frá þessum atburði, því vitnum í málinu ber svo illa saman enn sem komið er, að ekki er hægt að segja hvað rétt er.

Það er lítill vafi á að sannleikurinn kemur í ljós við réttarhaldið, og þeim seka hegnt að makleglleikum, því svona lagað spaug þarf að leggjast niður, því afleiðingarnar, eins og í þessu tilfelli, geta orðið svo hræðilegar. Það er enginn efi á því, að þessir átta piltar hafa ekki farið á stað í þessa för í þeim tilgangi að láta neitt lít standa af því, en afleiðingin er samt þessi:

Að einu af félögum þeirra misti lífið, hinir allir teknir fastir sem óbótamenn og svo Mr. Björnsson og maður með honum, sem als ekkert unnu til þess, annað en að þeir sváfu rólega heima í sínu eigin húsi þessa nótt sem þeir fóru að heimsækja hann á þenna hátt. Og svo hinn mikli kostnaður sem þetta mál hefir í för með sér fyrir hið opinbera, og svo fyrir þá sjálfa, sem allir eru fátækir menn.

Tindastöll, Alta. á jóladaginn 1899.

Í gærkveldi var hér að Tindastöll stór og fjölmenn samkoma undir nafni kvennfélagsins "Vonin". Voru víst flestir samdóma um að það hafi verið eitt hið skemtilegasta jólakvöld sem menn hafi haft—ef ekki það skemtilegasta á allri lífsæfinni. Fyrir jólin heimsótti okkur séra Rúnólfur Marteinsson, og með því að hér var fyrirhuguð jólasamkoma þegar hann kom, sameinuðu þeir skólakennari Jón Kjærnested jólatréssamkomuna og aftansöng og fór hvortveggja prýðilega fram.

Setti fyrst Mr. Kjærnested samkomuna. Síðan komu skólabörnin fram og sungu tvö lögur erindi (jólakvæði eftir kennara sinn). Næst var sunginn sálmur. Hafði séra Rúnólfur svo um tíma algerlega þurt af prógramminu. Las hann þá kafla í biblíunni og flutti bæn. Síðan var aftur sunginn sálmur. Flutti síðan séra Rúnólfur ágæta prédikun og eftir að sálmur hafði verið sunginn á eftir flutti hann hjartanlega bæn. Tók þá Mr. Kjærnested [illegible] á einu [illegible] prógramsins, er hélt svo áð náttúr[illegible] og börnin sungu sálmanni bjartur dá[illegible] á jólatrénu. Síðan "Njóttu arljósið!" [illegible] "í fornöld á jörðu" með tveggja versa viðbót með sama lagi, sérstaklega um jólatréð (eftir kennara sinn). Því næst fluttí Mr. Kjærnested fagra tölu um jólatréð, og var svo gjöfum af trénu útbýtt. Að endíngu útbýtingar gjafanna tók Mr. Jóhann Björnsson úr af trénu og "fountain"-penna sem hann afhenti Mr. Kjærnested frá börnunum. Það er ekki mitt meðfæri að lýsa hvernig hinn áhrifamikli ræðusnilfingur Mr Kjærnested, komst að orðum þegar hann kakkaði þessa gjöf, sem hann kvaðst vera hjartanlega þakklátur fyrir, því hin óhefluðu og hispurslausu orð hjá honum, fara oft á vörum hans óðruvísi en á vörum annara manna, og það svo eitthvað hjartanlega og vel að því er enginn hægðarleikur að lýsa. Sagði hann að hægra væri að tala þegar manni væri gefinn snoppungur heldur en þegar væri farið vel með mann. Í sambandi við það þegar hann þakkaði fyrir úrið, mintist hann á skólabörn sín í Nýja-Íslandi við Kjarnaskóla, sem einusinni hefði gefið sér vandaða úrfesti. Sungu síðan börnin fagurt erindi eftir kennara sinn, sem var hagað þannig, að helmingur af börnunum tók ekki undir fyr en tvær síðustu hendingarnar og fór það snildarlega.—Þá ávarpaði séra Marteinsson samkomuna þess efnis, að hann ætlaði að dvelja hér mánaðartíma, ef menn vildu, til þess að undirbúa börn undir fermingu og gera önnur prestsverk. Var því feginsamlega tekið. Var svo sungin sálmur. Mintist svo Mr. Kjærnested á, að allir tækju í hendina hver á öðrum og óskuðu hver öðrum gleðilegra jóla með handabandi. Sjálfur byrjaði hann með því að taka í hendina á börnunum og kveðja þau, og um leið lét hann þau gera nokkrar æfingar með handaburði sem þeim tókst prýðilega, eins og öll framkoma þeirra, sem sýndi, að þau hefðu haft reglubundna og snildarlega tilsögn. Voru svo veitingar á borð bornar, sem menn undu við uns menn um miðnætti fóru heim, vongaðir og hressir í hug.

Jóhann Björnsson.

Fáein orð að vestan.

Tíðarfarið hjá oss menn fyrst á Vesturlandi er hér hefir það, eftir vanda, verið afleitlega vætusamt, síðan í Sept. Þó hafa fáir dagar komið, sem ófært hefir verið að vinna úti. Á gamlamorgun kom fyrsta snjókast og mátti heita blindhríð um dagrenningu. Þá var þetta kveðið:

"Heiðar glórir hvergi í
Hýðist mórinn fönnum,
Gríðar snjór um borg og bý,
Býður óra mönnum."

Í dag er dimt og stilt og mjög lítill kali. Drífulaust.

Heilsufar alment í bezta lagi.

Vinna nálega stöðug, fyrir alla þá, sem annað hvort eru orðnir lífstíðarlimir á Borgarhrepnum eða hafa fyrir sæt orð og setu í bænum, um lengri tíma, orðið þess aðnjótandi, að verða "kallaðir". Það er ekki siður í þessu byggðarlagi, að veita aðkomu-hvolpum slík hlunnindi—þeir gömlu verða að njóta þeirra.

Pólitík sefur og Semlin heyrist valla nefndur á nafn. Svo er og "Joe" einhverstaðar í útvegum. En búist er nú samt við, að hann kofni á þingið eftir nýárið og hafi eitthvað gott að segja. Menn telja, bara sjálfsagt, að Semlinsstjórnin muni springa í þingbyrjun. Og þá kemur nú kosningabylur. Sumir eru hálfilla staddir að mæta tvennum kosningum, upp úr nýárinu. Það er hálfgert búist við að "Grittar" hafi útdeilingarráðin í fylkisbúrinu, en "Tivar" hafi bitarðin í bænum. Eini vegurinn sýnist því vera, að láta ósköp vel að öllum, sem sækja um völdin, hverju nafni sem þeir nefnast.

Löndum vorum hér verður sjónföruli, um stærri málin, sem standa á dagskrá veraldarinnar—eins og vænta má af þeim. Mjög fáir þeirra eru hlíðhollir Bretum og aðganginum gegn Transvaalbúum. Mönnum sýnist að Bretinn hafi þegar nógu víðar lendur og aftur á hinn bóginn, að Búir séu vel að því komnir, að hvelja óáreittir í sínu bygðarlagi. Sem sýnishorn álits landa vorra, um málin, grip ég tvö vísu orð úr kviðlingi eftir skarpan þingeyíing, sem er nátúi minn. Þau hljóða svona:

"....Bretar lána liðskap sinn,
að lemja og smána Búa."

Annar þingeyingur segir og þetta í Búabrag:

"Þar sem flæðir unda ei
ýfast klæði röggva;
Búar skæðir skilmast vel
skjóta hæði og hörgra".

En, hér með er nú, auðvitað, mínst sagt af því er Isl. hér, ræða um málin. Þá er og ekki allfátt skrafað um fráfall Greenway's. Þar þykir feiur bali að foldu lagður. Slíkt er engum harmsaga öðrum en vesalings "Kikkungum". Hálfbroslegt þótti mönnum að lesa málsvörn "Greensa" gegn því, að honum væri annara um fjósverkin, heima í Koti, heldur en að sitja á skrifstofum þeim, sem honum bar að sinna, sem þjóni fylkisins. G. brá því við, að sig langaði til að sjá gömlu möu af og til o. s. frv. En, aftur þótti öðrum ólíklegt, að nokkur hefði farið að meina honum að hafa kellingarskekkilinn með sér. Og ég er nú helzt á því máli.

Annars verður fjölda margt að verða ósagt héðan, í þesta sinn, því margt er að frétta og enn þá fleira má "álíta."

Ég óska Heimskringlu til heilla og þroskunar á komandi ári, sem og öllum þeim er drengilega styðja hana í fre.isog framáttinn.

Victoria, B. C. 16, Des. 1899.

J. E. Eldon.

Nýmóðins aðferð.

Hra. ritstj Heimskringlu!

Vilji þér gera svo og ljá þessum fáu línum rúm í yðar heiðraða blaði, og svara eftirfylgjandi spurníngum.

Svo er mál með vexti að í ver sem leið, var K. umboðsmaður "Mutual Reserve" lífsábyrgðarfélagsins á ferð hingað í erindagerðum fyrir ofannefnt félag, og fékk eftir sögn, nokkra menn hér í bygðinni til að ganga í lífsábyrgð í téðu fél. Meðal hverra einn þeirra var B., sem K. tókst með hinni margræðu málsnild sinni að fá til að lofast til að ganga í lífsábyrgð í sínu heiðraða félagi, en með því skilyrði samt að læknir væri látinn skoða sig. En þar eð B. hafði ekki peninga á reiðum höndum í svipinn. Þá bauð K. að lána honum þá; þar af leiðandi lét K. B. skrifa undir skuldbinding fyrir upphæð þeirra peninga sem það hafði í för með sér, að ganga í félagið, sem var als $19.65 með læknisvottorði meðtöldu. Svo leið og beið að aldrei kom læknirinn að skoða B. (vanséð þeir hafi nokkurn tíma sézt) svo B, áleit að K. hefði hætt að fullu og öllu við þetta lífsábyrgðar brugg við sig. En viti menn, í sumar í Ágúst komu lífsábyrgðarskjölin og skömmu seinna peningakrafa sem nemur $19.65 frá K. til B.

Er stendur í þeirri meiningu að hann sé ólöglega til bóka færður hjá félagínu, þar læknisvottorðið sé falsað, og neitar þar af leiðandi að borga téða peningaupphæð. En eftir sögn hafa K. farizt þau orð að hann léti lögmann innkalla peningana af B, ef hann borgaði þá ekki. Og þar við stendur.

Getur B. talist löglega til bóka færður eftir því sem að ofan er ritað, og talist þar af leiðandi góður og gildur félagsmaður í téðu félagi?

2. Getur K. haft nokkurn minsta rétt til að innkalla téða peningaupphæð þó til laga kæmi, eftir því sem er að ofan rítað?

3. Er ei hægt að gera umboðsmanninn og læknirinn ólukkuna fyrir að falsa svona verk sín?

4. Hvað væri formlegast fyrir B. að gera við þessa lífsábyrgðarpappíra?

Radway 23. Des. 1899.

B. Rafnkelsson.

SVÖR:

1. Vér getum ekki sagt um það hvort B er löglega færður til bóka sem meðlimur Mutual Reserve félagsins. En það er sjáanlegt að samkvæmt bréfi B. Rafnkelssonar, þá hefir B. verið svikamlega komið í félagið;

2. Það má vera að K. hafi rétt til að heimta peningalán sitt frá B. En mjög er sá réttur vafasamur, og ættum vér þar nokkurn hlut að máli, þá myndum vér neita að borga, en láta K. sækja peninga sína að lögum.

3. Það er enginn efi á því, að þeir vélamenn félagsins sem hénelga hlut að máli, eru glæpsamlega sekir. Þeir svikja sína eigin húsbændur í trygðum til þess að geta auðgað sjálfa sig.

4. Það væri formlegast fyrir B, að senda ábyrgðarskjöl sín beint til félags stjórnarinnar í New York, og registera þau, til þess að tryggja fljótann og óhultan flutning. Samhliða þeim ætti B. að senda félaginu klögunarbréf á þessa félagsjóna og nejmta rannsókn í málinu, svo að skömmin af glæpnum lendi opinberlega á þeim lækni, sem að réttu á að bera hana. Það bréf ætti einnig að registera. Svo ætti að senda klögunarbréf á sjálft félagið og skýra þar ýtarlega allamálavöxtu í sambandi við þetta atriði. Frumritið af því bréfi ætti að senda til superintentent of Insurance í Ottawa, og endurrit af því til Superintendents of Insurance í New York. Það er algerlega nauðsynlegt að gera svona lagað nú eins opinbert og frekast er mögulegt, því vel má vera að dæmi það sem Mr. Rafnkelsson dregur fram í dagsbirtuna, sé hvorki það eina né fyrsta af þeirri tegund, sem þeir kompánar eru riðnir við.

Ritstj.

Til sölu

Hjá undirritaðum, land með tveimur íbúðarhúsum, fjósum fyrir 40 gripi og góðum girðingum. Vel sett fyrir greiðasölu. Gott verð, góðir skilmálar. Umsækendur gefi sig fram sem fyrst.

Húsavík P. O. Man.

Stefan O. Eiríksson.

Concert Social og Dance

Verður haldinn á

Albert Hall,

Fimtudaginn 11. Janúar 1900.

undir umsjón kvenfélagsins "GLEYM-MÉR EI."

Programme.

1. Samspil: Mrs Mutrell & Mr. Anderson;
2. Miss B. Mackenzie;
3. Upplestur: Mrs E. Cannell;
4. Solo: Mr. J. Jónsson;
5. Duett: Miss B. Mackenzie & Mr. A. Wylie;
6. Ræða: Mr. R. J. Buckingham;
7. Solo: Miss B. Mackenzie;
8. Upl.: Miss R. Egilson;
9. Duett: Miss B. Mackenzie & Mr. A. Wylie.
10. Solo: Dr. O. Stephensen;
11. Solo: Mr. Wylie;
12. Duett: Miss B. Mackenzie & Mr. Wylie;
13. Solo: Miss B. Mackenzie;
14. Samspil: Mrs Meyrell & Mr. Anderson.

Byrjar kl. 8 e. h.

Inngangur 25c.

ALMANAK.

fyrir árið

1900.

Nú er almanak mitt til sölu hjá öllum mínum útsölumönnum, sem hafa áðurnefndu, og

KOSTAR 25 CENT.

Innihald þess er:
Tímatalið fyrir árið 1900.
Dagatafla fyrir árið 1900.
Valurinn, saga þýdd af J. R.
Safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi.
Tildrög að íslenzkum útflutningi til Vesturheims. — Íslenzkur útflutningur byrjar—Stutt ferðasaga hinna fyrstu vesturfara frá Íslandi. — Æfisögugrip hinna fyrstu vesturfara með myndum. — Landnámið á Washington-ey. Eftir Árna Guðmundsson.
Landnám Íslendinga á Muskoka, í Ontario og tildrög að því. Eftir Ásgeir V. Baldvinsson.
Þáttur Íslendinga í Nýja Skotlandi, Eftir Sigurð J. Jóhannesson.
Landnám Íslendinga í Minnesota, með mynd af fyrsta landnámsmanninum, Gunnlaugi Pétussyni og konu hans.
Telegrafinn.
Líf verkamannanna.
Rikmannlegar gjafir.
Ýmislegt.
Helztu viðburðir og mannalát meðal Íslendinga í vesturheimi.

Almanakið er 106 blaðsíður af lesmáli og prentað með smáu letri.

Þeir sem eigi ná til útsölumanna minna, ættu að senda pantanir sínar til mín. Þeir sem senda borgun fyrir 4 eintök, fá það 5. í kaupbætir.

ÓLAFUR S. THORGEIRSSON.
P. O. Box 1292, Winnipeg, Man.

H. W. A. Chambre,

landsölu- og eldsábyrgðar-umboðsmaður

373 Main St., Winnipeg

Mjög ódýrar bæjarlóðir á Sherbrook St 50+132 fet. Verð að eins $200.

Peningar lánaðir móti veði í bæjarlóðum og bújörðum. Lán sem veitt eru á hús í smíðum eru borguð út smátt, eftir því sem meira er unnið að smíðinu.

Eldsábyrgð. Hús til leigu

Cash Coupons.

$3.00 í peningum gefnir fyrir alls ekki neitt. Th. Thorkelsson, 589 Rose Ave, G. Johnson, corner Rose & Isabel Str., og Th. Goodman, 522 Ellice Aver hafa þessar Coupons og gefa viðskiftamönnum sínum þær fyrir hvert 10 cents virði sem keyrt er í búðum þeirra og borgað út í hönd. Coupon bókur fást í þessum búðum, eða hjá

The Buyers and Merchants Benefit Association,

Room N Ryan Blk. 490 Main Street